

Ed.

1022. Nefndarálit

[293. mál]

um frv. til l. um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á einum fundi. Á þann fund mættu samkvæmt beiðni áfengisvarnaráð, Ólafur Ólafsson landlæknir, Böðvar Bragason lögreglustjóri og Höskuldur Jónsson, forstjóri ÁTVR, og veittu upplýsingar.

Allsherjarnefnd neðri deildar bárust fjölmargar umsagnir um frumvarpið og voru þær sendar áfram til efri deildar. Mikill meiri hluti þeirra mælti gegn samþykkt frumvarpsins.

Mjög skiptar skoðanir eru meðal þjóðarinnar um það hvort leyfa skuli bruggun og innflutning á áfengu öli án þess að annað verði að gert. Fjöldmörg félagasamtök og einstaklingar hafa því einnig sent þingmönnum áskoranir, ályktanir og yfirlýsingar. Þær eru nær undantekningarlaust á einn veg, að skora á þingmenn að samþykkja ekki frumvarpið.

Reynsla annarra þjóða bendir til þess að gera megi ráð fyrir aukinni heildarneyslu áfengis þegar áfengt öl bætist við þær tegundir áfengis sem fyrir eru ef ekkert annað er að gert.

Þó að heildarneysla áfengis sé minni hér en víða í nágrannalöndum okkar eigum við síst við minni heilbrigðis- og félagslegan vanda að stríða vegna áfengisneyslu og áfengissýki en aðrar þjóðir. Allir hljóta að vera sammála um að koma þurfi í veg fyrir þennan vanda, m.a. með því að draga úr heildarneyslu áfengis.

Miklar umræður hafa orðið á undanförunum árum um vímuefnanotkun barna og unglinga sem fer vaxandi meðal vestrænna þjóða og er víða orðin að alvarlegum vanda. Reynslan sýnir að neysla áfengis er yfirleitt undanfari neyslu annarra og hættulegri vímuefna.

Löngu er orðið brýnt að móta heildarstefnu í áfengis- og vímuefnamálum.

Þann 7. maí 1981 var samþykkt ályktun á Alþingi þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur um opinbera stefnu í áfengismálum. Fjöldmenn nefnd var skipuð til að vinna að undirbúningi slíkra tillagna og skilaði hún niðurstöðu í janúar 1987. Tillögurnar eru ítarlegar og vel unnar í anda þeirrar stefnu sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mótað í þessum málum.

Benda má sérstaklega á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur beint því til aðildarþjóðanna að minnka áfengisneyslu um fjórðung til aldamóta. — Að því marki er nú stefnt meðal allra menningarþjóða.

Íslensk heilbrigðisáætlun, sem lögð var fram á síðasta þingi og rædd ítarlega á fjölmennu heilbrigðisþingi þann 5. febrúar sl., er einnig sniðin í samræmi við stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og samhljóða tillögum nefndarinnar.

Í heilbrigðisáætluninni segir eftirfarandi:

„4.3. Skaðleg áhrif áfengis.

Enda þótt heildarnotkun áfengis á Íslandi sé minni en í flestum löndum er það staðreynd að óæskileg heilsufarsleg áhrif áfengisneyslu eru mikil á Íslandi.

Þess vegna verður að vinna að því að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu.

Markmið 8.

Markmiðið er að minnka og eyða að lokum alveg óæskilegum heilsufarslegum áhrifum áfengisnotkunar.

Almenna neysla áfengis þarf að minnka. Á næsta hálfum áratug verður lögð sérstök áhersla á upplýsingastarfsemi og ráðgjöf sem heilbrigðisgeirinn veitir, svo og að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Það á að stofna til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka sem hafa bindindi á stefnuskrá sinni og reyna að efla starf þessara samtaka.

Verð áfengra drykkja þarf að hækka á næstu fimm árum þannig að verðið hækki árlega umfram verðlag og sterkt áfengi meira en létt.

Sett verði áætlun til að ná þessum markmiðum og hún endurskoðuð á fimm ára fresti, fyrst árið 1990.“

Tvískinnungur og ósamræmi ríkir nú í meðferð áfengs öls á Íslandi þar sem sumir geta keypt og neytt þess en aðrir ekki. Hér eru einnig á boðstólum fjölmargar tegundir sterkra áfengra drykkja en ekki áfengt öl sem telst til létttra áfengra drykkja. Á þessu verður best tekið með því að móta heildarstefnu í áfengismálum.

Í þessu frumvarpi er lagt til að bæta við nýrri tegund áfengis sem öll líkindi benda til að auka muni heildarneyslu áfengis. Þrátt fyrir það eru engar ráðstafanir fyrirhugaðar til mótvægis sem dregið gætu úr aukinni neyslu.

Með tilliti til þess sem að framan greinir og með hliðsjón af því að ekki er nægilega vel staðið að forvörnum og meðferð barna, unglunga og fullorðinna sem verða fórnarlömb áfengis- og vímuefnaneyslu get ég ekki stutt þetta frumvarp og legg til að það verði fellt.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur álitum þessu.

Alþingi, 4. maí 1988.

Guðrún Agnarsdóttir.